


## Fjöldi úrskurða um umgengni

Samkvæmt 47. gr. barnalaga nr. 76/2003 tekur sýslumaður ákvörðun um umgengni ef barn á fasta búsetu hjá öðru foreldra sinna og foreldra greinir á um umgengni. Stofnað er til máls með beiðni um ákvörðun um umgengni til sýslumanns. Úrskurð sýslumanns má kæra til ráðuneytisins skv. 78. gr. barnalaga en samkvæmt ákvæðinu er aðilum máls heimilt að kæra úrskurð sýslumanns til ráðherra innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Vakin er athygli á því að árið 2012 var lögfest skylda foreldra til að leita sátta skv. 33. gr. a barnalaga áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför.

Hér fyrir neðan er tölfraði yfir fjölda mála sem lýkur með úrskurði sýslumanna annars vegar og úrskurði ráðuneytisins hins vegar á hverju ári á tímabilinu 2000-2021.



### Tölfraði embætta sýslumanna á landsvísu

**Útgefandi:** Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

**Ritstjórn:** Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Tölfraði er aðeins gefin út á rafrænu formi og birt á vefsvæði sýslumanna á island.is